

# VÍS: árshlutauppgjör

## Helstu niðurstöður fyrri helmingis ársins 2018

- Hagnaður tímabilsins nam 552 m.kr. samanborið við 1.107 m.kr. á sama tímabili árið 2017
- Bókfærð iðgjöld jukust um 8,4% frá sama tíma í fyrra
- Tjónahlutfall var 80,8% samanborið við 66,4% í fyrra
- Samsett hlutfall var 103,3% en var 95,3% á sama tímabili í fyrra.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi hækkuðu um 23% og námu 1.415 m.kr.
- Hagnaður á hlut nam 0,25 krónum samanborið við 0,50 krónur fyrir sama tímabil 2017
- Gjaldþolshlutfall félagsins í lok tímabilsins var 1,38

## Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2018

- Tap tímabilsins nam 291 m.kr. samanborið við 917 m.kr. hagnað sama tímabil árið 2017
- Samsett hlutfall var 109,1% samanborið við 84,2% sama tímabil árið 2017

## Helgi Bjarnason, forstjóri

Annar fjórðungur var viðburðarríkur hjá okkur í VÍS, fyrst er að telja tvö stór brunatjón sem urðu með skömmu millibili. Það er eðlilegt að tjón af þessari stærðargráðu liti afkomuna enda hlutverk okkar að standa með viðskiptavinum okkar þegar á reynir. En á sama tíma er gott að sjá hversu sterkur grunnreksturinn okkar er því bæði samsett hlutfall síðustu 12 mánaða og áætlað samsett hlutfall ársins 2018 eru undir 100% þrátt fyrir umrædd stórtjón.

Í þessu samhengi er hagnaður okkar upp á tæpar 600 milljónir króna á fyrri hluta ársins ágætur árangur.

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður á hlutabréfamarkaði eru ávöxtun af fjárfestingum vel viðunandi. Þar eigum við enn óinnleystan hagnað, upp á tæplega 500 milljónir vegna Kviku sem færast í bækurnar á þriðja ársfjórðungi.

Í fjárfestingum höldum við áfram að laga okkur að þeirri vegferð sem hluthafar samþykktu í lok júní og felst í því að draga úr áhættu og auka vægi skuldabréfa í safni á kostnað skráðra hlutabréfa. Sú mikla rýni sem átti sér stað í félaginu á fyrri helmingi ársins á fjármagnsskipan VÍS hefur undirstrikað mikilvægi þess að tryggingarekstur sé arðbær, það er forsenda þess að draga úr áhættu og sveiflum í fjárfestingum. Það er því gleðilegt að sjá að seinni hluti ársins fari vel af stað í tryggingunum en samsett hlutfall okkar í júlí var 83,5%

Á sama tíma höfum við fjárfest töluvert í innviðum á tímabilinu, meðal annars í stafrænum verkefnum.

Samhliða þessu uppgjöri uppfærðum við afkomuspá félagsins. Samkvæmt henni er nú gert ráð fyrir að hagnaður ársins verði um 2,2 milljarðar króna fyrir skatta.

## Horfur

Uppfærð afkomuspá VÍS til næstu 12 mánaða gerir ráð fyrir að samsett hlutfall félagsins árið 2018 verði 99% og að hagnaður félagsins árið 2018 verði um 2.200 m.kr fyrir skatta. Samsett hlutfall næstu 12 mánaða verður, samkvæmt afkomuspánni, 96,3%.

## Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn daginn eftir, fimmtudaginn 23. ágúst, í húsnæði félagsins, Ármúla 3, kl. 8:30.

Á fundinum mun Helgi Bjarnason forstjóri kynna uppgjör félagsins og svara spurningum.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast á íslensku og á ensku á heimasíðu VÍS: <https://www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestar/>. Að auki verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu og nálgast upptöku að honum loknum á vefslóðinni: <https://www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestafundur>

## Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
3. ársfjórðungur	24. október 2018
Ársuppgjör 2018	20. febrúar 2019

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Andri Ólafsson samskiptastjóri í síma 660-5105 og í netfanginu [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is).

